

Borgarstjórn Reykjavíkur
6. febrúar 2024

Tillaga Vinstri grænna um að tryggja greiðan aðgang fólks að fjöldasamkomum og mótmælum í almannarýminu

Borgarstjórn samþykkir að setja af stað vinnu við að greiða fyrir skipulagningu á fyrirvaralitlum fjöldasamkomum og mótmælum í almannarýmum í Reykjavík, sem og að setja skýrari viðmið um framkvæmd þeirra.

Greinargerð

Reykjavík er höfuðborg Íslands og miðstöð stjórnsýslunnar í landinu. Þeirri stöðu fylgir margháttuð lýðræðisleg ábyrgð, meðal annars sú að tryggja að í almannarýminu sé að finna svæði og aðstöðu þar sem hvers kyns hópar og félagasamtök eiga færi á að nýta stjórnarskrárvarinn rétt sinn til mótmæla og tjáningar á afstöðu sinni. Frá einum tíma til annars hefur staðsetning helstu mótmælafunda í miðborginni tekið breytingum, en síðustu fimmtán árin hefur Austurvöllur verið einna vinsælasti staðurinn fyrir slíkar samkomur þótt fátt við skipulag hans taki mið af því.

Með tillögunni er kallað eftir víðtæku samtali hagsmunaaðila um hvernig best megi tryggja greiðan aðgang fólks að stöðum í almannarýminu fyrir hvers kyns útifundi og aðrar pólitískar aðgerðir. M.a. væri hugað að því hvort ráðast þurfi í framkvæmdir í þessu skyni og/eða bæta upplýsingaflæði.